

auðvelda framreiðslu matvæla í samkvæmum.

Að þessu starfi komu nokkrir órtúlega duglegir félagar okkar. Þeir unnu förfúst og óeigingjarnt starf fyrir félagið sitt og vil ég, fyrir hönd okkar allra þakka þeim kærlega fyrir. Mig langaði að tala miklu meira um breytingarnar og fólkið sem að þeim stóð en ég verð að sitja á mér. Ég veit að þeir sem duglegastir voru vita að ég kann þeim enn meiri þakki en ég treysti mér til að segja hér og nú.

Samkvæmt lögum félagsins ber okkur að halda uppi fræðslu um íþróttina að veiða með flugu og þess vegna er fræðslunefndin einn af hornsteinum félagsins. Henni er m.a. ætlað að sjá um kastkennsluna sem fer fram í íþróttahúsi Kennaraháskólans. Nokkrir félagsmenn hafa unnið ómetanlegt starf í kaskenslunni. Ég vil sérstaklega þakka Kolbeini Grímsyni og Þorsteini Þorsteinsyni fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Sumir velja sér
tvo lífsförunauta
um ævina

Scott
er annar þeirra

Flugustangir með lífstíðarábyrgð

Útsöluastaðir:

Intersport
J. Vilhjálmsson
Útílf
Veiðibúðin við Lækinn
Vesturröst

ARMENN

Pósthólf 8444, 128 Reykjavík

Þeir eru búnir að vera að kenna mönnum að kasta flugu í ótrúlega mörg ár.

Aðalfundur Landsambands stangveiðifélaga var haldinn laugardaginn 16. nóvember í húsi SVFR. Á þennan fund mættum við Hjálmar Theodorsson fyrir hönd Ármanna. Fundastjóri var Jón G. Baldvinsson fyrirverandi formaður SVFR og kvartaði hann sáran yfir því hversu mörg aðildafélög væru ekki á fundinum vegna þess að þau eru ekki lengur starfandi. Það er vegna þess að nokkrir einstakir kaupslumenn hafa séð sér leik á borði að bjóða í hefðbundin veiðisvæði aðildarfélaganna m.a. í krafti erlends fjármagns. Hvaða framtíð blasir við okkur Ármönnum í þessu samhengi?

Fulltúi okkar í LS hefur verið Ragnar Hólm Ragnarsson en á þessum fundi sagði hann af sér sem fulltrúi okkar Ármanna en í hans stað kom Bjarni Brynjólfsson.

Nú, 30 árum eftir stofnun félags okkar, eru breyttir tímar og virðist mér sem kröfurnar til hins almenna launþega séu miklu meiri en þær voru, og á menn séu gerðar síauknar kröfur um aukin afköst, svo að launamenn hafa nú minni tíma til að sinna tómtundastarfi sínu en áður var. Ef til vill liggur í því skýringin að erfitt er að fá menn til að starfa saman í áhugamannafélögum eins og okkar, menn hafa einfaldlega ekki tíma.

Nú á þessum tímamótum þegar tveir stjórnarmenn fara frá vil ég þakka þeim allt það sem þeir hafa vel gert fyrir félagið. Þetta eru þeir Ásgeir Ásgeirsson og Heiðar Rafn Harðarson en hann hefur verið ótull liðsmaður vaðandi Hlíðarvatnmálin og fleira.

Ég hlakka til að vinna með nýjum stjórnarmönnum, þeim Ragnari H. Björnssyni og Viktori Smára Sæmundssyni og vænti þess að þeir muni leggja félaginu gott lið.

Ég þakka fundarmönnum gott hljóð.

Jóhanna Benediktsdóttir,
formaður Ármanna

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu, Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm, ragnarh@akureyri.is.

www.armenn.is / armenn@armenn.is

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Febrúar 2003

Ræða á þorrablóti Ármanna

Kæru félagar.

Það er mér mikil ánægja að fá að ávarpa ykkur í kvöld. Af hverju? Jú mér finnst nefnilega að ég eigi smá í þessu hátíðarhaldi Ármanna. Þegar Ármenn réðust í að festa kaup á þessu húsnæði var farið í alls konar fjáröflunarleiðir. Félagar seldu flugur sem þeir hnýttu, kveikjara sem voru merktir, jóla-kort o.s.frv. Ég stakk upp á því að haldin yrði sviðamessa, þar sem boðið væri upp á heit og köld svið ásamt kartöflumús og rófustöppu. Þetta gekk eftir og Stebbi kokkur sá um matseldina í Smiðjukaffi sáluga. Sennilega var ekki greitt fyrir hraefnið því Smiðjukaffi fór á hausinn fljólega eftir þetta. Þessari sviðamessu var síðan breytt í hefðbundið þorrablót.

Þorrablót eru kennd við Þorrann, sem var eitt mánaðarheitið til forna og hófst alltaf á föstudegi í þrettánda viku vetrar. Á þorranum var hefð fyrir því að bóndinn hoppaði í kringum bæinn á nærbuxum einum klæða. Jóhanna formaður hefur ákveðið að þetta verði gert hér í kvöld strax á eftir tölu mína. Ákveðið er að gera þetta í skipulagðri röð og miðborðið leiðir nærbuxnaröðina. Fremstur verður Stef-

án Jón, sem að eigin sögn er í nærbuxum með fiskamyndum og svo koma allir hinir karlarnir í halarófu á eftir. - Vel á minnst, mikið er nú huggulegra, að formaður Ármanna sé fögur og rennileg kona eins og hún Jóhanna, heldur en þessir ljótu karlar sem voru formenn á undan henni.

Fyrsti dagur Þorrans er bóndadagur og kemur orðið fyrst fyrir í þjóðsögum Jóns Árnasonar. Þá gera konur eitthvað sérstaklega gott fyrir karla sína, alla vega er það til síðs á mínu heimili. Þær konur sem hér eru staddar og ekki hafa staðið sig í stykkinu geta bætt úr því þegar heim er komið í kvöld. Ekki er farið mjög nákvæmlega í lýsingu á þessu í þjóðsögum, en er örugglega eitthvað tengt þessu nærbuxnahlaupi karlanna.

Nafnið þorri er kunnugt frá 12. öld. Menn eru ekki vissir hvað orðið merkir, en sumir

Ármenn með Skotvís til Minneapolis!

Skotvís býður Ármönnum með í ógleymanlega ferð á ótrúlegu verði til USA. Einn aðalviðburður ferðarinnar er heimsókn í stóru Cabelas-búðina rétt utan við Minneapolis en búðin er ævintýraheimur veiðimanna. Flogið verður frá Keflavík síðdegis fimmtudaginn 27. febrúar og komið heim þriðjudagsmorguninn 4. mars. Verðið er einstakt, aðeins 46.000 kr. Innfalið er flug og gisting. Gengi dollarans er mjög hagstætt um þessar mundir og eru líkur á að dollarinn muni lækka enn frekar á næstunni. Áriðandi er að þeir sem áhuga hafa á að grípa þetta kostaboð skrái sig í síma 551-4574 eða sendi rafpóst í skotvis@skotvis.is.

Dagskráin í Árósum

Miðvikudagskvöldið 26. febrúar kl. 20.00:	Daði Harðarsson fjallar um Grenlæk, veiðina í Flóðinu á 4. svæði.
Laugardagurinn 1. mars kl. 14.00:	Ármenn gera sér glaðan dag og fagna 30 ára afmæli félagsins í Árósum.
Miðvikudagskvöldið 12. mars kl. 20.00:	Jón Kristjánsson fiskifræðingur fjallar um Elliðavatn og fleira skemmtilegt.
Miðvikudagskvöldið 26. mars kl. 20.00:	Silungasvæðið í Vatnsdalsá.
Miðvikudagskvöldið 9. apríl kl. 20.00:	Arnarvatnsheiði með augum Guðmundar Hauks og Pálma flugstjóra.
Laugardagurinn 12. apríl kl. 14.00:	Vorfagnaður Ármanna.
Miðvikudagskvöldið 23. apríl kl. 20.00:	Rafn Hafnfjörð fjallar um Grímsá í máli og myndum.
Miðvikudagskvöldið 30. apríl kl. 20.00:	Hlíðarvatn í Selvogi: Kolbeinn Grímsson og Ragnar Hólm segja frá.

Opið öll mánudags- og miðvikudagskvöld frá 20-22.

telja að nafnið sé gæluheiti á goðinu Ása-Þór. Þorri er persónugerður sem vetrarvættur í sögnum frá miðöldum. Þar er getið um þorrablót en þeim ekki lýst. Vetraröldungurinn Þorri er algengt yrkisefni á 17. og 19. öld.

Það var upp úr 1950 sem þorrablót voru endurvakin og var það veitingastaðurinn Naustið sem fyrst hóf að auglýsa þorrablót, en það er sami veitingastaðurinn sem kenndi Íslendingum að éta hænsemi.

Í tilefni af því að því höfum lokið borðhaldi á þessum hefðbundna þorramat þá vil ég upplýsa að ég var á fyrirlestri í gær hjá Sigurði Björnsyni krabbameinslækni, þar sem hann sýndi línurit yfir hvernig magakrabbameinum hefði fækkað hér á landi á undanförmum árum. Skýringuna sagði hann vera þá, að Íslendingar væru hættir að borða kæstan, súran eða reyktan mat og tiltók sérstaklega þorramat. Með bættum geymsluáferðum neytti landinn nú nýmetis, kæld eða fryst matvæli.

En hvað gerum við veiðimenn á Þorranum annað en að éta kæstan, súran, reyktan eða hanginn mat. Jú við borgum veiðileyfi og meiri veiðileyfi. Þessi Þorri ætlar mann alveg lifandi að drepa. Á þessum tíma árs man ég ekki eftir vorinu, spegisléttu veiðivötunum,

kvaki í fuglum eða suði í flugum. Á þessum tíma heyrir ég aðeins suðið í henni Björgu minni út af þessum árans veiðileyfum.

Kunningi minn einn sagði við mig: “Það hlýtur að vera erfitt tómsundagaman, sem ekki er hægt að stunda nema þrjá til fjóra mánuði á ári.” Það er rétt að veiðitíminn er allt of stuttur og sérstaklega hjá þeim sem eingöngu stunda laxveiðar. Þeir sem veiða silung geta veitt mun lengur á ári hverju og þeir áhugasömustu geta verið að allt árið og á ég þar við að þegar vetur leggst að er hægt að dorga silung upp um is.

Stangveiðimenn hafa skipað sér nokkuð í fylkingar. Sumir veiða aðeins lax, aðrir láta sér silunginn nægja. Og til eru þeir sem veiða allt sem hreyfist og er með sporð og ugga. Dorg á ísilögðum ám og vötnum, sjóstangveiðar og marhnútaveiðar við bryggjusporða eru hliðargreinar sem njóta vinsældna hjá mörgum. Enn má nefna fluguhnýtingar og kastæfingar sem fjöldi stangveiðimanna iðkar allan ársins hring, sér til ómældrar ánægju. Ekki má gleyma blómlegu félagslífi okkar Ármanna.

Öllum ætti því að vera ljóst að sjálfar veiðarnar eru aðeins ein hliðin á stangveiði-íþróttinni, að vísu sú þýðingarmesta, sú sem

bæinn fyrir misskilning. Halldór Sigurðsson, formaður, biður viðkomandi að hafa samband við sig.

Það er búið að framlengja samningnum um Hlíðarvatn til eins árs. En við eru mjög vongóð um að halda okkar hlut í nokkur ár enn.

Varðandi Hlíðarvatn þá ætla ég að minna félagsmenn á að síðastliðið vor var gert verulegt átak í veiðihúsinu okkar. Þar sem stjórnin og nokkrir öflugir félagsmenn hreinsuðu húsið hátt og lágt, skiptu um allar dýnur, settu upp ný gluggatjöld og nýtt klósett, gólfíð var þússað og lakkað, og mun Hlíðarvatnsnefndin fyrir næstu veiðitíð skipta um stígann upp á svefnloftið.

Varðandi Grenlæk er það að fréttu að salan í fyrra var umtalsvert meiri en árið áður svo við sluppum með skrekkin með tæplega 60 þús. í tap. Þessu þurfið þið að breyta, félagar og sækja meira í Grenilækinn ef við eignum að geta haldið honum hjá félaginu.

Agnar á Fossum var mjög ánægður með stöðu árinna í haust hann sagði að það hefði komið sér á óvart hversu mikið var af uppvaxandi sjóbirtingi þar, sem lofar góðu fyrir næstu veiðitíð. Ég vil benda félagsmönnum á að stjórnin skipti nokkrum miðsumars hollum niður í eins og hálfisdagas holl, var það gert til að auðvelda félagsmönnum að kynnst þessu frábæra veiðisvæði um hásumar.

Í Grímsá er eitt þriggja daga holl eins og í fyrra en núna er hollíð með átta stangir í stað tíu í fyrra. Sem verður miklu auðveldara fyrir veiðimenn, þeir vita það þeir veiðimenn sem hafa veitt í Grímsá. Ármanna hollíð veiddi 59 laxa á átta stangir í fyrra. Tvær stangir seldust ekki, var það m.a. út af misskilningi og bólvað klúður fyrir félagið.

Bleikjuveiðin í Vatnsdalsá brást okkur Ámönnum, veiddust ekki nema 60 bleikjur og 8 laxar í einu hollinu í fyrra sumar og það var meira af laxi á silungasvæðinu enn oft áður.

Aftur á móti var Skálmadalssá Ámönnum gjöfufull og dæmi um að menn hættu veiðum á öðrum degi því þeir voru búnir að fá nóg. Það kom ekki í ljós fyrr enn eftir síðustu úthlutun að Skálmadalssá verður ekki í sölu hjá Ár-

mönnum. Það er vegna vegaframkvæmda og röskunar við ána.

Miðfjarðará var í slöku meðallagi í fyrra eins og svo margar aðrar ár voru fyrir norðan. Fjögur eins og hálfisdags holl seldust þar í fyrra.

Þingvallavatn er einn sá veiðistaður sem Ármenn geta nýtt sér allt sumarið án þess að þurfa hugsa um greiðslu því að við Ármenn höfum gert samning við Þingvallanefnd um veiði fyrir landi þjóðgarðsins og hvet ég alla félagsmenn að nýta sér það, enda greiðum við töluverða upphæð fyrir þessi réttindi á hverju ári. Stjórn félagsins ákvað að verða við beiðni Jóhannesar Sturlaugssonar um að styrkja rannsóknir hans á Þingvallaurriðanum margfræga.

Félagslíf Ármanna var með hefðbundnu sniði. Fluguhnýtingarnar Skegg og skott með sinn fasta sess á mánudögum og fræðslukvöldin á miðvikudögum. Vorum við svo lánsöm að fá nokkra snillinga til að fræða okkur með ýmis mál.

Félagarnir Heiðar, Daði og Ásgeir voru með frábæra kynningu á Grenlæk. Jóhannes Sturlaugsson kynnti sjávarvistfræði laxfiska. Tryggvi Jónasson var með hnytingakennslu. Árni Ísaksson kynnti lagaumhverfi stangveiða. Skúli Kristinsson kynnti íslensk hnytingarefni og notkun þeirra. Bjarni Jónsson var með stórskemmtilegt og fróðlegt erindi um vistkerfi stöðuvatna og það sem snýr að okkur silungsveiðimönnum. Árni Þór Sigurðsson sýndi meðferð afla og matreiðslu hans á ógleymilegan hátt.

Litlu jólin og þorrablótíð voru að venju á sínum stað. Vorfagnaður er alltaf jafn vinsæll hjá Ármönnum. Það var virkilega gaman að sjá hversu margir félagsmenn komu á síðasta vorfagnað með makann og börnin sín með sér.

Árósar, félagsheimilið okkar, hefur tekið miklum stakkaskiptum undanfarið eins og þið sjáið. Síðastliðið haust létum við fagmann slípa og lakka nýja parkettið og síðan hófumst við handa við miklar breytingar á eldhúsi og kaffibar. Gömlu innréttingarnar voru fjarlægðar og nýjar settar í staðinn. Það er komin innrétting í salinn til að auðvelda geymslu hnytingatækja og fleira og til að

Skýrsla stjórnar á aðalfundi 2003

Þær breytingar urðu á stjórn félagsins á síðasta aðalfundi að úr stjórn gengu Hannes Jóhannesson formaður, Ágúst Ú. Sigurðsson varaformaður, Þórhallur Vilhjálmsson gjaldkeri, Guðmundur Haukur Jónsson ritari, Eiríkur Einarsson og Hjálmar Bjarnason meðstjórnendur.

Sá eini stjórnarmaður sem eftir sat var Hjálmar Theodorsson meðstjórnandi.

Stjórn Ármanna starfsárið 2002 var skipuð eftirfarandi félagsmönnum:

Formaður: Jóhanna Benediktstóttir

Varaformaður: Ragnar Hólm Ragnarsson

Gjaldkeri: Kristbjörg Sigurfinnsdóttir

Ritari: Örn Svavarsson

Meðstjórnendur: Hjálmar Theodorsson, Heiðar Rafn Harðarson og Ásgeir Ásgeirsson

Þessi nýja stjórn, svolitíð reynslulaus, kom margoft saman á árinu en því miður aldrei fullskipuð, það vantaði alltaf tvo og stundum fleiri stjórnarmenn á fundina, svo að það verður að segjast eins og er að það er erfitt að reyna að halda félagi gangandi þar sem félagarnir sem samþykkja að koma í stjórn geta ekki sinnt stjórnarstarfinu eins og við hin viljum að því sé sinnt. Allir hafa samt sínar ástæður og það getur komið fyrir að komast ekki á einn og einn fund en þegar menn samþykkja að koma til starfa í stjórn okkar þá verðum við að gera þá kröfu til þeirra að þeir séu þar með að lýsa því yfir að þeir séu tilbúnir að förna svolitlum tíma.

Stjórnin boðaði til fundar með öllum nefndarmönnum í vor og aftur í haust og eru menn sammála um nauðsyn þess fyrir starfandi nefndir.

Starfandi nefndir voru eftirfarandi:

Hliðarvatnsnefnd: Halldór Sigurðsson formaður og aðrir nefndarmenn voru Heiðar Rafn Harðarsson, Kristján Sigurðsson og Ásgeir Ásgeirsson.

Hús-og skemmtinefnd: Hjálmar Theodorsson formaður og aðrir nefndarmenn voru Gísli Helgason, Ásbjörn Jónsson, Egill Örn Árnason og Hjálmar Sæbergsson og Einar H. Sigurðsson.

Fræðslunefnd: Þorsteinn G. Gunnarsson formaður, aðrir nefndarmenn voru Kolbeinn Grímsson, Ragnar Hólm Ragnarsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Heiðar R. Harðarson, Stefán Hjaltested, Ágúst Viktorsson, Ágúst Ú. Sigurðsson og Hilmar Finnsson.

Grenilækjarnefnd: Svend Richter formaður, aðrir nefndarmenn voru Bragi Guðbrandsson, Stefán Hjaltested og Kolbeinn Grímsson.

Veidiöflunarnefnd: Daníel Jakob Pálsson, Guðmundur Haukur Jónsson og Hilmar Finnsson.

Ritstjóri og umsjónamaður Áróðs var Ragnar Hólm Ragnarsson. Umsjón vefsíðu: Ásgeir Ásgeirsson sá um heimasíðu félagsins en síðar á árinu tók Ragnar Hólm Ragnarsson en síðar á árinu tók Ragnar Hólm Ragnarsson við henni, endurgerði hana og mun sjá um hana.

Stjórnin ákvað að flýta úthlutuninni eins og þið tókuð eftir og var það gert til þess að auðvelda félagsmönnum að hafa yfirsýn yfir hvar þeir vilja veiða næsta sumar. Aðeins færri umsóknir bárust nú en í fyrra. Það er út af fyrir sig umhugsunar efni.

Framboð á veiðisvæðum er svipað og var í fyrra. Svæðin okkar eru eftirfarandi:

Hlíðarvatn

Veiðin í Hlíðarvatni var vægast sagt léleg síðastliðið sumar og ekki bætti veðrið þegar leið á haustið, beljandi rok og rigning. Aðeins 691 bleikja var færð til bókar. Júní var fengsælasti mánuðurinn, en þá veiddust 340 bleikjur en fram að þeim tíma og eftir þann tíma var allt niður á við í aflatölum. Í september voru aðeins 16 bleikur bókaðar. Enn og aftur eru veiðileyfi í Hlíðarvatni vinsælust á umsóknum félagsmanna. Maí mánuður fór t.d. allur á A umsóknir og enduðu leikar þannig að aðeins nokkrir dagar eru eftir í september.

Og vel á minnst, formaður Hliðarvatnsnefndar bað mig að lýsa eftir gaskútum sem hurfu síðastliðið sumar úr húsinu. Taldi hann líklegast að veiðimenn hafi tekið þá með sér í

allt hitt snýst um. Veiðimenn eru síður en svo komnir úr sneringu við íþrótt sína frá jafndægri á hausti fram að fardögum á næsta sumri.

Eftir að veiðum lýkur á haustdögum standa atburðir liðins sumars skýrir fyrir hugskotssjónum okkar. Þetta er tími upprifjunar og ýkjusagna af hinum stóru sem við misstum. Grobbsögur úr veiðiferðum endast mörgum fram á jólafestu, en dugar mér oft fram á næstu veiðiferð að vori. Á þorranum og Góunni þegar úthlutun veiðileyfa er lokið tekur við tími fluguhnytinga og tími eftirvæntingar senn hafinn og higurinn stefnir til næsta sumars með öllum sínum ævintýrum.

Vikjum næst að veiðifélögum. Viljir þú kynnast manni vel þá er veiðiferð óskeikull mælikvarði á manngildi. Veiðifélagarnir eru stærsti þáttur hvernar veiðiferðar og geta haft ótrulega góð eða slæm áhrif á andrúmsloftið. Þeir sem sækjast eftir kyrrlátum unaðsstundum við veiðivatn, skyldu forðast að velja sér frekt og hávaðasamt fólk eins og mig sem veiðifélaga.

Það eru nán og sérstæð tengsl sem skapast milli veiðifélaga. Svo er margt sinnið sem skinnið, en víst er að góðir veiðifélagar tengjast óvenjulegum vináttuböndum. Í hópi góðra veiðifélaga er ekkert til sem heitir kynslóðabil eða stéttaskipting.

Sérstök ánægja er í því fólgin að vísa öðrum til fiskjar, segja nákvæmlega til um tókustaði, greina frá flugum sem báru árangur og rétta viðkomandi fluguna eigi hann hana ekki. Þetta er líkt og að gefa góðan bolta á samherja, sem skorar mark. Þú færð sérstaka hlutdeild í ánægjunni.

Ég ætla nú að greina frá nokkrum veiðifélögum mínum. Þar er fyrst að nefna þann gamla. Kolbeinn er þekktastur fyrir að koma

fram í sjónvarpinu og sleppa silungum. Hann gerir það þannig, alla vega við hrygnurnar, að hann strýkur þeim á kvið, aftarlega, ótt og títt. Kolbeinn er eins og farfluglarnir. Á vormánuðuðum breytist heimilisfang hans fram á haust í Hlíðarvatn, Selvogi. Af skiljanlegum ástæðum þarf hann að gjörmyta sinn tíma og kemur ekki til byggða nema til að sækja brýnustu aðföng s.s tauma, línur og vindla. Yfir vetrarmánuðina passar hann kött Stefán Jóns Hafstein, sem ætlaði að verða borgarstjóri, en fékk ekki.

Annar sem skiptir um heimilisfang á vormánuðum er flugstjórinn. Hann flýst þá á Skagaheiðina, en við Ölvesvatn er Guðmundur Haukur að skipuleggja blokkarhverfi á vegum Ármanna. Pálmi flugstjóri hefur þessa dagana mestar áhyggjur af vega- og ræsagerð að hverfinu.

Bragi Guðbrandsson, sem gjarnan er kenndur við barnskap er næst kallaður til. Hann hættir að reykja og brýtur stöng sérhverjum veiðitúr. Lánið honum aldrei stöng eða gefið honum tóbak. Hann var prýðis félagi og veiddi þökkalega áður en hann gerðist krati. Hann setti allt í uppnám í Alþýðuflokknum sáluga, sem varð til þess að flokkurinn var lagður niður. Bragi, Stefán Jón og Össur Skarphéðisson er nú í sama flokki. Pólitik þessara þriggja félaga er sú sama og í samræmi við vaxtarlag þeirra, sem er það sama. Bragi hefur komið af stað mestu illindum og ritdeilum sem upp hafa komið í félaginu. Bragi bað fyrir kveðju á þorablótið. Hann er á dagpeningum í útlöndum og sagði mér að loksins hefði honum tekist að hætta að reykja.

Kokkurinn er ekki svipur hjá sjón frá því sem áður var. Hann er þekktastur fyrir að tæla félaga sína í háskiferðir upp á hálendið og senda ókunnuga í fjallaklifur. Þótt hann

Minnt er á útleigu á Árósum, góðum veislusal sem tekið hefur algjörum stakkaskiptum eftir miklar endurbætur. Leiga fyrir salinn er 18.000 kr. en að auki greiðast 5.000 kr. í tryggingagjald sem fast endurgreiddar ef menn sjá sjálfir um þrif og frágang að veisluhöldum loknum. Hafið samband við stjórn Ármanna í tæka tíð. Netfang stjórnar er armenn@armenn.is.

virðist góðlátlegur og hjálpsamur ættu menn ekki að leita leiðsagnar hans á ferðalögum. Hann segir mönnum að fara gætilega að veiðistöðum og vaða sem minnst. Á veiðistað sést oftast aðeins í axlir og höfuð hans. Kokkurinn sést minna og minna í veiðinni, því hann er svo upptekinn að kenna landanum að kasta flugu á sumrin. Yfir veturinn hnýtir hann Nobblers í öllum regnbogans litum.

Birgir ex-formaður hefur nú snúið sér alfarið að ættfræði eftir að gifturikum formannsferli hans lauk í félaginu. Áhugamönnum í ættfræði hefur aldeilis bæst við liðsauki sem er Íslendingabók Kára Stefánsónar. Í því ættfræðiforriti fundu menn að Kolbeinn og köttur Stefáns Jóns, sem hann er enn að passa, eru fjórmenningar. Vegna þessa

þeytist landhorna á milli eftir kerlingum. Hann kallar sig þessa dagana Ragnar frá Akureyri. Aðrir í hópnum virðast lítið geta gagnast konum lengur. Þess vegna flengjast þeir um allt land undir því yfirskeyni að þeir séu að veiða einhverja silungstitti, í stað þess að halda sig heima hjá eiginkonum sínum.

Sigurður Rósarsson er þekktastur í félaginu fyrir að halda tækifærisræður þegar eitt-hvað stendur til. Hann veiðir helst ekki á annað en Black Gnat. Kristján, KK, einn mesti séntilmaður sem hægt er að lenda með í veiði, passar upp á Erlu sína. Þótt elli kerling sé farin að herja á hann eins og Kolbein, stendur hann sína pligt við Iðu og Sogið hvert sumar. Daniel hins vegar hefur hætt allri meðferð skotelda, veiðir helst á Ristil, sem er

þá líta þeir í veiðibókina og sjá að flestir fiskar hafa veiðst í ákveðnum hyljum á rauðan Frances nr. 12. Flestir reyna að komast sem fyrst í þessa hylji og kasta rauðum Frances nr. 12. Klókir veiðimenn, og þá á ég við ykkur að sjálfsögðu, reyna fyrir sér á stöðum þar sem færri fara í, hylji sem ef til vill geyma færri fiska, en er ekki barðir 12 tíma á dag og rauður Frances nr. 12 er ekki settur á flugutauminn. Eftirtekja þessara veiðimanna er oft mun meiri heldur en hinna sem fara eftir veiðibókinni.

Hvernig snýr þetta að okkur í daglega lífinu. Köstum við flugu á sömu hylji og allir hinir. Erum við að lifa lífinu eftir einhverri ímyndaðri formúlu sem við höldum að öðrum falli í geð eða erum við tilbúin að reyna nýja leið, kasta flugu á aðra hylji, fara ótróðnar slóðir.

Kæru félagar.

Þakka ykkur fyrir kvöldið.

Svend Richter

Laus veiðileyfi 12. febrúar 2003

Veiðilýsing: Daði Harðarsson fjallar um 4. svæði í Grenlæk, miðvikudagskvöldið 26. febrúar kl. 20 í Árósum.

skyldleika hefur Kolbeinn hætt að leyfa kettinum að sofa uppi í rúmi hjá sér.

Guðni Kolbeinsson er annar sem stendur í illindum og ritdeilum. Hann er sonur Kolbeins, sem hættur er að sofa hjá köttum. Erfitt getur verið að greina milli feðganna úr fjarlægð vegna þess að Guðni dulbýr sig Kolbeinn. Þannig klæðast þeir samsskonar húfum með óvenjulöngu deri. Menn bera nefnilega nokkra virðingu fyrir Kolbeini fyrir að sleppa öllum þessum fiski. Guðni er hins vegar þekktur fyrir að drepa allt og eira engu.

Einar er eini stuðboltinn í hópnum. Aðrir eru yfirleitt daufir í bragði. Einar er blautur innvortis sem útvortis allt veiðitímabilið. Hann á í fórum sínum mesta vopnabúr í hópnum og varpar sprengjum í hverri veiðiferð. Hann er á leið til Irak, þar sem hann verður í framvarðasveit Bandaríkjamanna við innrásina í næsta mánuði. Egill mun fara með honum, en hann mun sjá hermönnum fyrir nægju sinni af IPB.

Ragnar Hólm er sá yngsti og flottasti af veiðfélögum mínum. Hann er bara kominn á fimmtugsaldurinn. Hann er sá eini í hópnum sem virðist enn hafa einhverja kyngetu. Hann

annað heiti hinnar vinsælu flugu Heimasættunnar. Óli skeggur hefur alfarið snúið sér að rekstri happdrætta á vorfögnum og hef ég ekki lent með honum í veiði síðan við gerðum garðinn frægann í Grímsá forðum. Guðmundur aflakóngur úr Kvislaveitum stundar nú veiðar í æðri veiðilöndum og Gísli Helgason er sami ljúflingurinn.

Þetta eru aðeins nokkrir af annars mjög góðum hópi veiðifélaga sem ég á. Eins og fram kemur er þessi hópur skrautlegur, eins konar bland í poka, og fyrir vinskáp þeirra er ég ævinlega þakklátur.

Við eigum allir okkar sameiginlega áhugamál, sem sem er að eigna fyrir fisk með flugu. Þessir félagar mínir eru blessunarlega ólíkir og hafa farið mismunandi leiðir í lífinu - sínar eigin leiðir. Okkur hættir nefnilega til að haga okkur eins og við höldum að aðrir vilji að við högum okkur. Þess vegna tel ég að við missum af hluta af lífsfyllingu, sem við ulla myndum upplifa, ef við hefðum leitað okkar eigin leiða.

Til að skýra þetta nánar vil ég líkja þessu við veiðistaði, hylji í veiðiá. Gjarnan er það svo þegar menn mæta í veiðihús fyrir veiði,

Svæði:	Dags:	Stangir:	Svæði:	Dags:	Stangir:
Grímsá	20/08 - 23/08	1	Grenlækur	14/10 - 16/10	4
Grenlækur	31/05 - 03/06	4	Hlíðarvatn	3. ágúst	3
Grenlækur	03/06 - 05/06	4	Hlíðarvatn	13. ágúst	3
Grenlækur	05/06 - 08/06	4	Hlíðarvatn	1. september	3
Grenlækur	18/06 - 20/06	4	Hlíðarvatn	2. september	3
Grenlækur	20/06 - 22/06	2	Hlíðarvatn	3. september	3
Grenlækur	30/06 - 01/07	2	Hlíðarvatn	4. september	3
Grenlækur	02/07 - 03/07	4	Hlíðarvatn	6. september	3
Grenlækur	03/07 - 04/07	4	Hlíðarvatn	8. september	3
Grenlækur	05/07 - 06/07	4	Hlíðarvatn	9. september	3
Grenlækur	06/07 - 08/07	4	Hlíðarvatn	10. september	3
Grenlækur	18/07 - 20/07	2	Hlíðarvatn	11. september	3
Grenlækur	20/07 - 22/07	4	Hlíðarvatn	15. september	3
Grenlækur	03/08 - 06/08	4	Hlíðarvatn	16. september	3
Grenlækur	06/08 - 08/08	4	Hlíðarvatn	21. september	3
Grenlækur	18/08 - 20/08	4	Hlíðarvatn	22. september	3
Grenlækur	20/08 - 22/08	4	Hlíðarvatn	23. september	3
Grenlækur	30/08 - 01/09	2	Hlíðarvatn	24. september	3
Grenlækur	01/09 - 03/09	4	Hlíðarvatn	25. september	3
Grenlækur	03/09 - 06/09	4	Hlíðarvatn	27. september	3
Grenlækur	15/09 - 18/09	4	Hlíðarvatn	28. september	3
Grenlækur	18/09 - 20/09	4	Hlíðarvatn	29. september	3
Grenlækur	03/10 - 06/10	4	Miðfjarðará	05/08-06/08	2

MUNIÐ 30 ÁRA AFMÆLI ÁRMANNNA
LAUGARDAGINN 1. MARS KL. 14.00 Í ÁRÓSUM!
SAGA FÉLAGSINS, SKEMMTIATRÍÐI, KAFFI OG KÖKUR.